

Ed.

1248. Frumvarp til laga

um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Samkeppni skal fara fram um hugmyndir, frumáætlanir og frumuppdrætti að meiri háttar opinberum byggingum og mannvirkjum, ef ráðherra eða þeim, sem verkið lætur framkvæma, þykir ástæða til, hvort sem mannvirkin eru reist af ríkinu eða af öðrum aðilum, sem njóta styrks af ríkisfé til framkvæmdanna.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna dómnefnd og fimm menn til vara. Einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Er hann formaður dómnefndar og skal vera verkfræðingur eða húsameistari. Annar dómnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu bæjarstjórnar eða hreppsnefndar í því sveitarfélagi, þar sem mannvirkið á að reisa. Þriðji dómnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu þess aðila, sem verkið lætur framkvæma. Fjórdi og fimmti dómnefndarmann skal skipa samkvæmt tilnefningu stéttarfélaga húsameistara og verkfræðinga. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt.

3. gr.

Hlutverk dómnefndar er að ákveða útbóðsskilmála samkeppninnar og dæma um þær lausnir, sem kunna að berast. Úrskurðir dómnefndar skulu rökstuddir og verðlaun aðeins veitt þeim lausnum sem að áliti nefndarinnar eru hentugar og hæfar til framkvæmda án mikilvægra breytinga. Verðlaun, kostnað við útbóðið, syo og þóknun dómnefndarmanna greiðir sá, sem mannvirkið reisir.

4. gr.

Samkeppni, er fer fram samkv. lögum þessum, skal auglýsa opinberlega. Almenníngi skal heimilt að kynna sér dómsniðurstöður og lausnir keppenda í minnst 7 daga, eftir að dómnefnd hefur lokið störfum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.